

Áherslupættir í Melaskóla

Upplýsinga- og tæknimennt er þverfagleg og kemur inn sem stuðningur við aðrar námsgreinar. Mikil áhersla er á tölvunotkun í Melaskóla. Stefna skólans er að tölvur og netið séu verkfæri notuð til náms, upplýsingaöflunar, miðlunar og sköpunar.

Eftirlitslaus vinna í hvers kyns nettengdum búnaði er með öllu óheimil.

Stefna

- Nemendur geti leitað/aflað upplýsinga og lagt mat á þær.
- Nemendur geti unnið með upplýsingar eins og hæfir efninu.
- Nemendur geti notað heimildir og virt reglur þar að lútandi.
- Nemendur geti notað hugbúnað til miðlunar upplýsinga.
- Nemendur taki ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum.

Skólinn styður það að notkun á samskiptavefjum sé ekki ætluð börnum yngri en 13 ára s.s. Facebook, Instagram og Snapchat.

Þessi viðmið er fengin frá þeim sem halda úti síðunum. Skólinn hvetur foreldra til að fylgjast með netnotkun barna sinna og gera þær varúðarráðstafanir sem hvert kerfi býður upp á. Skólinn styður heilshugar ábyrgt uppeldi í tölvunotkun barna og telur að samtaka máttur foreldra sé nauðsynlegur.

Í Melaskóla er lögð áhersla á yndislestur og gott aðgengi að skólasafninu.

Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt við lok 4. bekkjar:	1. bekkur	2. og 3. bekkur	4. bekkur
Vinnulag og vinnubrögð Nýtt gagnvirt og rafrænt námsefni. Nýtt rafrænt námsefni við vinnutækni. Geri sér grein fyrir ólíkum notkunarmöguleikum.	Nemendur læra að skrá sig inn og út, í tölvukerfi skólans og ganga frá eftir notkun. Nemendur skoða upplýsingavef um mannlíkamann.	Nemendur lesa fræðirit um valið húsdýr á bókasafni og skrifa jafnharðan punkta (glósa). Þeir skoða a.m.k. tvær vefsíður, mu.is og husdyr.nam.is	Nemendur kynna sér lífshætti fólks í gamla daga hjá umsjónakennara.
Upplýsingaöflun og úrvinnsla Leitað upplýsinga og nýtt við	Umræður um miðla, afþreyingu og verkefnavinnu. Veltum fyrir okkur mun á	Nemendur nota leitarvél til að finna myndir og ítarefni, þeir æfast í markvissri	Skoða vefsíður þar sem fjallað er um gamlan hlut sem þau koma með að

verkefnavinnu. Unnið með heimildir	verkfæri og leikfangi m.t.t. notkunar á tæknibúnaði. Nemendur gera hugtakakort.	leit. Nemendur geta heimilda og geri sér grein fyrir höfundarétti. Brýnt fyrir nemendum að sýna siðvit í meðförum heimilda og talað um eignarétt á hugviti. Nemendur læra að slóð er heimilisfang upplýsinga.	heiman.
Tækni og búnaður	Nemendur teikna mynd í teikniforriti. Þeir læra að gera mismunandi form, áferð og lita. Þeir læra tvo flýtitakka ctrl/z og ctrl/n.	Nemendur gera bækling um húsdýr. Þeir skrifa texta og setja inn myndir. Þeir hanna forsíðu, skrifa meginmál og gera einfalda en gilda heimildaskrá samkv. APA kerfi.	Nemendur taka mynd af hlutnum, léttu myndina og snyrta hana. Þeir skoða hvernig hægt er að breyta áferð, litum og birtustigi.
Sköpun og miðlun	Nemendur geri sér grein fyrir fjölbreytileika miðla	Bæklingur hluti af kynningu fyrir foreldra.	Nemendur gera stutta fréttapætti um hlutinn sinn, þeir eru síðan settir á netið og varðir með leyniorði.
Siðferði og öryggismál	Þekkt nokkrar einfaldar reglur um netnotkun.	Skilið og nýtt sér grunnreglur um netnotkun. Höfundaréttur og eign á hugverki.	Birting gagna og mynda á netinu. Umræður um netið kosti þess og galla. Nemendur sýni ábyrgð í meðferð upplýsinga og skilji gildi ábyrgrar netnotkunar.
Námsefni	Sá hug- og tæknibúnaðar sem skólinn hefur aðgang að ásamt fræðibækur á bókasafni.		
Námsmat	Leiðsagnarmat og sjálfsmat að öðru leiti fer mat á verkefnum fram í samráði við umsjónakennara þar sem greinin er alltaf hluti af stærra verkefni.		

Áherslupættir í Melaskóla

Upplýsinga- og tæknimennt er þverfagleg og kemur inn sem stuðningur við aðrar námsgreinar. Mikil áhersla er á tölvunotkun í Melaskóla. Stefna skólans er að tölvur og netið séu verkfæri notuð til náms, upplýsingaöflunar, miðlunar og sköpunar.

Eftirlitslaus vinna í hvers kyns nettengdum búnaði er með öllu óheimil.

Stefna

- Nemendur geti leitað/aflað upplýsinga og lagt mat á þær.
- Nemendur geti unnið með upplýsingar eins og hæfir efninu.
- Nemendur geti notað heimildir og virt reglur þar að lútandi.
- Nemendur geti notað hugbúnað til miðlunar upplýsinga.
- Nemendur taki ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum.

Skólinn styður það að notkun á samskiptavefjum sé ekki ætluð börnum yngri en 13 ára s.s. Facebook, Instagram og Snapchat.

Þessi viðmið er fengin frá þeim sem halda úti síðunum. Skólinn hvetur foreldra til að fylgjast með netnotkun barna sinna og gera þær varúðarráðstafanir sem hvert kerfi býður upp á. Skólinn styður heilshugar ábyrgt uppeldi í tölvunotkun barna og telur að samtaka máttur foreldra sé nauðsynlegur.

Í Melaskóla er lögð áhersla á yndislestur og gott aðgengi að skólasafninu.

Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt við lok 7. bekkjar:	5. bekkur Haust/tanka Teiknimyndasaga	6. bekkur Vélritun, norðurlönd, plánetur og höfundar. Vefpóstur	7. bekkur Evróputengt verkefni Náttúrufræðitengt lokaverkefni. Stýrikerfi frjáls hugbúnaður.
Vinnulag og vinnubrögð Nýtt upplýsingaver í stýrðu námi og á eigin forsendum. Notað rafrænt námsefni	Hópavinna: Nemendur vinna sjálfstætt í litlum hópum.	Nýtt upplýsingaver í stýrðu námi og á eigin forsendum. Nemendur koma einu sinni í mánuði í vélritunartíma að öðru leiti æfa þeir sig heima.	Einstaklings- og hópavinna. Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn. Nemendur hvattir til að nýta tækibúnað á fjölbreyttan hátt. Nemendur gera hugtakakort um Evrópu og náttúrufræðiverkefni

Upplýsingaöflun og úrvinnsla	<p>Myndataka af haustlitum í nærum-hverfinu. Unnið með japanska ljóðagerð og tanka samin eftir settum reglum.</p> <p>Nemendur lesa þjóðsögur á bókasafni og heimastofu og velja eina sem þeir breyta í teiknimyndasögu. Þeir gera söguborð/myndstiklur úr einni þjóðsögu og semja samtöl.</p>	Nemendur nota tölvustofu og bókasafn til upplýsingaöflunar. Þeir gera kynningu að eigin vali á einu norðurlandi. Það getur verið bæklingur, skjámyndasýning, vefsíða eða fréttapáttur. Nemendur skrifa umfjöllun um lesna bók í ritvinnsluforriti.	Veraldarvefurinn
Tækni og búnaður	<p>Nemendur nota myndavélar eða spjaldtölvur, flytja myndir inn í tölvur og vinna með þær í myndvinnsluforriti.</p> <p>Nemendur gera sviðsmyndir og taka myndir. Þeir setja myndir inn í tölvu snyrta þær, létta og gera tilbúna til notkunar í teiknimyndaforriti.</p>	Sá búnaður sem skólinn hefur til umráða.	Sá búnaður sem skólinn hefur til umráða.
Sköpun og miðlun	<p>Nemendur hafa frjálssar hendur hvað varðar túlkun og framsetningu. Lokaafurð er í pdf formi og verður birt á heimasíðu skólans.</p>	Nemendur geti notað rafrænar kynningar til að skerpa á og styðja við eigin frásögn. Þeir skulu hafa eitt myndrit í kynningunni.	Nemendur sýna frumkvæði og sjálfstæði í sköpun og vinnubrögðum. Þeir miðla þekkingu á hugbúnaði sínum milli og eru hvattir til að leita í smiðju samnemenda.
Siðferði og öryggismál	Farið yfir myndbirtingar og samskipti á netinu.	Farið yfir myndbirtingar og samskipti á netinu og ábyrga notkun á vefpósti.	Skilið hvað felst í siðferðilegri ábyrgð í notkun miðla með áherslu á samskiptamiðla og nefnt dæmi um slíkt.
Námsefni	Sá hug- og tæknibúnaður sem skólinn hefur aðgang að ásamt fræðibækur á bókasafni.		
Námsmat	Leiðsagnarmat og sjálfsmat að öðru leiti fer mat á verkefnum fram í samráði við umsjónakennara þar sem greinin er alltaf hluti af stærra verkefni.		